



Í átt að útrýmingu joðskorts og tengdra sjúkdóma í Evrópu

Euthyroid er rannsóknaverkefni sem fjármagnað er af Evrópusambandinu og hefur það að markmiði að samræma upplýsingar um joðneyslu í Evrópu.

Joðskortur er einn mikilvægasti áhættuþáttur fyrir skaldkirtilssjúkdóma meðal fullorðinna og barna. Þekktustu áhrif joðskorts eru Goitre, en minna hefur verið fjallað um hlutverk skjaldkirtilshormóna við þroska mikilvægra líffæra á fósturskeiði og í barnæsku. Mikilvægt er að tryggja barnshafandi konum og konum með barn á brjósti hæfilegt magn af joði til að stuðla að eðlilegum þroska barnsins. Jafnvel vægur joðskortur móður á meðgöngu hefur verið tengdur lélegri útkomu barna á greindarprófum. Joðskortur er í dag talin ein helsta orsök heilaskaða sem hægt er að koma í veg fyrir og hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) varað við auknum fjölda Evrópubúa sem útsettir eru fyrir joðskorti.

Í Euthyroid verður leitað leiða til að samræma upplýsingar um joðskort og joðneyslu í Evrópu og leggja þannig grunn að samræmdum aðgerðum til að fyrirbyggja joðskort í Evrópu.

Alls sameinar 30 stofnun frá 27 löndum krafta sína í Euthyroid, með þverfræðilegri samvinnu faraldsfræðinga, sérfræðinga í efnaskiptalækningum, næringarfræðinga og heilsuhagfræðinga. Eins hefur Iodine Global Network (IGN) aðkomu að verkefninu með þátttöku 100 svæðis- og landstengiliða auk sjúklingasamtaka.

22 aðildarlönd Evrópusambandsins (öll nema Kýpur, Litháen, Lúxemborg, Malta, Rúmenía og Slovakía) taka þátt í Euthyroid, eða sem jafngildir 94% af íbúum sambandsins, auk fimm þjóða sem standa utan Evrópusambandsins (Ísland, Ísrael, Makedónía, Noregur og Sviss).

Markmið Euthyroid

Hópurinn mun beina sjónum sínum að joðneyslu, joðhag og afleiðingum joðskorts í þátttökulöndunum. Sérstök áhersla verður lögð á barnshafandi konur og áhrif joðskorts á vitsmunaproska barna. Verkefnið felur meðal annars í sér:

- ▶ Söfnun samræmdra upplýsinga um joðneyslu þátttökupjóða
- ▶ Samanburð upplýsinga um fæðuveenjúr
- ▶ Samræmingu og stöðlun upplýsingaöflunar
- ▶ Hagkvæmnigreiningu núverandi aðgerða til að fyrirbyggja joðskort
- ▶ Þróun leiða til að tryggja hæfilega joðneyslu
- ▶ Tölfræðilega greiningu gagna úr þremur faraldsfræðilegum rannsóknum

Tengiliður

Euthyroid office
Matthew Spencer, PhD
biolution GmbH
office@euthyroid.eu

Nánari upplýsingar má finna hér:

www.euthyroid.eu

Um verkefnið:

Verkefni Nr.: 63445
Heildarkostnaður: 3,375,330 €
Framlag EU: 2,999,949 €
Upphaf verkefnis: 1. júní 2015
Lengd verkefnis: 36 mánuðir

Verkefnisstjóri:

University Medicine Greifswald, DE
Henry Völzke

Þátttakendur:

- National Institute for Health and Welfare, FI
Iris Erlund
- Iodine Global Network, CA
John Lazarus
- University of Patras, GR
Kostas B. Markou
- Erasmus Medical Centre Rotterdam, NL
Robin Peeters
- University of Latvia, LV
Valdis Pirags
- University of Surrey, UK
Margaret Rayman
- The Private University of Health Sciences, Medical Informatics and Technology, AT
Uwe Siebert
- The Capital Region of Denmark, Research Centre for Prevention and Health, DK
Betina Thuesen
- Swiss Federal Institute of Technology Zurich, CH
Michael Zimmermann
- biolution GmbH, AT
Iris Grünert
- The Barcelona Institute for Global Health, ES
Monica Guxens
- University Hospital Center, Sestre Milosrdnice, HR
Zvonko Kusić
- Free University of Brussels, BE
Rodrigo Moreno-Reyes
- Sofia University, Faculty of Medicine, Lozenets Hospital, BG
Ludmila Ivanova
- University of Pisa, IT
Paolo Vitti
- The Hebrew University of Jerusalem, IL
Aron Troen
- National Institute of Nutrition and Seafood Research, NO
Lisbeth Dahl
- University of Debrecen, HU
Endre V. Nagy
- University Medical Centre Ljubljana, SI
Simona Gaberšček
- Jagiellonian University, PL
Alicja Hubalevska-Dydejczyk
- The Health Sciences Research Institute of the Germans Trias i Pujol Foundation, ES
Manel Puig Domingo
- Ministry of Health of the Slovak Republic, SK
Slovakian partner to be announced
- Centre for Regional Policy Research and Cooperation, Studiorum Zdruzenje, MK
Borislav Karanfilski
- Queen's University Belfast, UK
Jayne Woodside
- Uppsala University, SE
Mehari Gebre-Medhin
- Landspítali University Hospital, IS
Ingibjörg Gunnarsdóttir
- Toulouse University Hospital, FR
Philippe Caron
- Endocrinology Centre, EE
Toomas Podar
- Institute of Endocrinology, CZ
Václav Zamrazil
- Ministry of National Defense, Armed Forces Military Hospital, PT
João Jácome de Castro



Verkefnið hlaut styrk úr Horizon2020 áætlun Evrópusambandsins, styrkur númer 634453